

**Sp.**

**295. Tillaga til þingsályktunar**

[124. mál]

um starfsfræðslu.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að starfsfræðsla verði upp tekin í skólum landsins.

**Greinargerð.**

Undanfarin ár hefur verið tekinn upp svokallaður starfsfræðsludagur í nokkrum stærstu kaupstöðum landsins. Var fyrst efnt til þessarar nýbreytni í Reykjavík, en síðan fylgdi Akureyri í kjölfarið.

Á þessum starfsfræðsludögum hefur unglingum gefizt tækifæri til þess að koma á fund fulltrúa frá hinum ýmsu starfsgreinum og leita þar upplýsinga um hvers konar atvinnugreinar og starfsemi, sem til greina kemur að velja sér að lífsstarfi. Tilgangurinn með þessu fræðslustarfi er að auðvelda æskunni að velja sér lífsstarf við hæfi hvers einstaks og jafnframt að glæða áhuga hennar fyrir þátttöku í aðalbjargræðisvegum þjóðarinnar.

Starfsfræðsludögunum hefur verið tekið fádæma vel. Þúsundir unglunga hafa sótt þá, og meðal þeirra hefur ríkt mikill áhugi fyrir að hagnýta sér fræðslu þeirra.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að hér sé um merkilega nýjung að ræða, sem geti verið mjög gagnleg, ekki aðeins fyrir unglingana, heldur fyrir helztu bjargræðisvegi landsmanna, sem skortir árlega vinnuafli til þess að geta rekið framleiðslutæki sín. Fyllsta ástæða er því til þess, að starfsfræðslan verði ekki bundin við einn eða tvo daga á ári, heldur verði hún tekin upp í skólum landsins. Mundu þar fyrst koma til greina unglingaskólar og framhaldsskólar.

Hér er um mjög þýðingarmikið mál að ræða. Brýna nauðsyn ber til þess, að þjóðin hagnýti starfskrafta sína eins vel og mögulegt er.

Aukning framleiðslunnar, hagkvæmni í vinnubrögðum og þróttmikil þátttaka unga fólksins í helztu framleiðslugreinunum er beinlínis frumskilyrði þess, að þjóðin geti haldið áfram að bæta lífskjör sín og skapa sér bjarta og farsæla framtíð. Starfsfræðslan getur átt verulegan þátt í að stuðla að þessu. Þess vegna er eðlilegt, að hinn íslenski skóli taki hana upp. Sú nýbreytni þyrfti engan eða sáralítinn kostnað að hafa í för með sér.